

leiðtogar, eins og Barneweldt og John de Witt, gerðu hið sama. Fólkið fylgdi ekki æfinlega dæmum þessara leiðtoga sinna, en samt mun hafa verið meira umburðarlyndi og trúarbragðafrelsi á Hollandi á sextánda og seytjándu öld en í nokkru öðru landi, Sviss jafnvel ekki undanskilið. Enskir presbyteranar og frakkneskir húgenottar fundu hæli á Hollandi, og sömuleiðis gyðingar frá mörgum löndum Evrópu. Vantrúarbækur, sem ekki var leyft að gefa út í öðrum löndum, voru gefnar út á Hollandi. Tyndalls þýðing af nýja testamentinu var bannað að prenta á Englandi, var hún þá prentuð á Hollandi og flutt leynilega til Englands. Það er eftirtektarvert, að Locke bæði ritaði og gaf út á Hollandi rit sitt, „Bréf viðvíkjandi umburðarlyndi“, vörn fyrir umburðarlyndi á Englandi. Þegar að ensku háskólarnir voru lokaðir fyrir öllum, sem ekki játuðu sig fylgjendur ríkiskyrkjunnar, buðu hollenzku háskólarnir velkomna alla löghlýðna sannleiksleitendur, hvernar trúar sem þeir voru og hvaðan sem þeir komu.

Eins og vér höfum séð hneigðist mestur hluti hollenzku þjóðarinnar að Kalvínstrúnni, eða hinni svo kölluðu endurbættu kyrkju. Hvað langt náði hennar frjálslyndi? Viðvíkjandi kyrkjustjórn var hún töluvert frjálslynd. Hún hafði enga presta stétt og enga kyrkjulega harðstjórn eins og rómverska kyrkjan. Hún meira að segja neitaði öllu þessháttar. Þó að hún hefði ekki algjört safnaðarveldi, gaf hún samt fólkinu sjálfu mikið vald. Regla hennar var þessi: „Allir eru kongar og prestar í guðs augum, fátækir jafnt sem ríkir, leikmenn sem klerkar.“ En þegar vér snúum oss frá kyrkjustjórninni og að guðfræðinni þá var endurbættu kyrkjan fjarri því að vera frjálslynd. Samt sem áður snéri hún í áttina til meira frjálslyndis, vegna þess að hún var grundvölluð á biblíunni, sem öllum var boðið að lesa og rannsaka fyrir sjálfa sig. Hversu mikil framförin hefir verið frá sextánda öldinni til hinnar tuttugustu, munum vér sjá smám saman.

Hin fyrsta þýðingarmikla framfarahreyfing í kyrkju þessari átti sér stað í byrjun seytjándu aldar. Það var upphaf hinnar svo kölluðu Arminíusar trúar. Sú hreyfing mótmælti kenning-